

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans H. 239 Crestflower frá Hull sé upptækt og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 19. júní 1935.

Nr. 36/1935. **Jón Gíslason** (Lárus Jóhannesson)

gegn

brjóstsykurgerðinni Nói h/f

(Enginn).

Bótakrafa stefnda eigi tekin til greina.

Dómur gestaréttar Hafnarfjarðar 29. maí 1934: Stefndur, Jón Gíslason, útgerðarmaður, til heimilis á Merkurgötu nr. 2 í Hafnarfirði, greiði stefnanda, cand. juris Torfa Hjartarsyni í Reykjavík, fyrir hönd brjóstsykursgerðarinnar h/f. Nói í Reykjavík, kr. 300.00 ásamt 6% ársvöxtum af upphæð þessari frá 17. septbr. 1930 til greiðsludags, og í málskostnað kr. 129.00.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Pegar mál þetta var tekið fyrir í hæstarétti mætti stefndi ekki, þótt honum hafi verið löglega stefnt. Málið hefir því verið rekið skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 6. júní 1796.

Áfrýjandi hefir gert þær réttarkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, og

að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað bæði í undirrétti og hæstarétti, eftir mati dómsins.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, var fullnustukrafa eiganda tékkávisunar þeirrar, er ræðir um í máli þessu, gegn framseljanda hennar, fyrnd, er málið út af henni var höfðað í héraði. Stefndi hefir því fyrir undirrétti byggt kröfu sína á hendur áfrýjanda á 12. gr. tékkalaga nr. 38/1901 og á því, að áfrýjandi hafi nokkrum dögum eftir útgáfu ávisunarinnar verið tilkynnt, að hún fengist eigi greidd, og að hann (áfrýjandi) hafi þá lofað að gera kröfu í þrotabú útgefanda ávisunarinnar, Þórðar kaupmanns Flygenring í Hafnarfirði, en tékkávisunin var útgefin til greiðslu á kaupí áfrýjanda við verzlun nefnds kaupmanns. Þessar staðhæfingar sínar hefir stefndi þó eigi sannað gegn eindreginni neitun áfrýjanda, sem þvert á móti heldur því fram, að hann hafi ekkert fengið að vita um greiðslubrestinn fyrr en innköllunarfrestur í nefndu þrotabúi var liðinn, og hafi hann því verið útilokaður frá að koma fram kröfu í búið, sem annars myndi hafa fengizt greidd.

Að svo vöxnu máli verður eigi séð, að stefndi eigi nokkra bótakröfu á hendur áfrýjanda, hvorki eftir almennum skaðabótaþinglögum, með því að vanræksla af hendi áfrýjanda er ósönnuð, né samkvæmt 12. gr. laga nr. 38/1901, með því að ekki verður talið, að áfrýjandi hafi auðgast á kostnað stefnda, heldur þrotabú Þórðar Flygenrings.

Það verður því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði falli niður, en málskostnað í hæstarétti ber stefnda að greiða áfrýjanda og ákveðst hann 150 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Jón Gíslason, á að vera sýkn af kröfum stefnda, brjóstsykursgerðarinnar Núi h/f í máli þessu.

Málskostnaður í héraði falli niður, en málskostnað í hæstarétti, 150 krónur, á stefndi að greiða áfrýjanda að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni 26. ágúst f. á., hefir cand. juris Torfi Hjartarson í Reykjavík, f. h. brjóstsykursgerðarinnar h/f. Núi í Reykjavík, höfðað mál þetta, gegn útgerðarmanni Jóni Gíslasyni, Merkurgötu nr. 2 í Hafnarfirði, til greiðslu á kr. 64.35, skuld fyrir vörur, og kr. 235.65 peningaskuld vegna greiðslubrests á tékkávisun, ásamt 6% ársvöxtum af kr. 300.00 frá 17. september 1930 til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu eftir reikningi, — en stefnukröfu þessa hefir Ólafur Runólfsson, kaupmaður í Hafnarfirði, framselt stefnanda, og telur stefnandi mála-vöxtu vera þá, að árið 1930 skuldaði stefndur, sem þá var verkstjóri Þ. Flygenring, útgerðarmanns í Hafnarfirði, velnefndum kaupmanni, Ólafi Runólfssyni, kr. 64.35 fyrir matvörur, en 17. september s. á. hafi svo stefndur komið til hans og afhent honum upp í skuld þessa tékkávisun, að upphæð kr. 300.00, útgefna af velnefndum Þ. Flygenring, sem fram er lögð í málinu, og greiddi oftnefndur kaupmaður honum til baka kr. 235.65 í peningum, í þeirri trú að ávisun þessi fengist greidd, en þegar til hafi komið, hafi inneign fyrir henni ekki verið til á hlaupareikningi Þ. Flygenrings í Landsbankanum, og útgefandi ávisunarinnar nokkru síðar orðið gjaldþrota, og ekkert verið greitt úr þrotabúi hans upp í almennar kröfur búins, og stefndur einnig verið ófáanlegur til að innleysa ávisunina, eða að greiða kröfur þær, er bak við hana standa og um ræðir í stefnunni.

Stefndur hefir undir rekstri málsins haldið því fram, að hin framlagða tékkávisun sé fyrnd, og að honum eigi fyrr en eftir kröfufrestur var útrunnin í fyrrgreindu þrotabúi, borizt vitneskja um það, að oftgreind tékkávisun eigi hafi fengizt greidd, en upphæð hennar hafi verið greiðsla á verkstjórakaupi stefnds hjá útgefanda hennar, sem forgangsrétt hafi haft í þrotabúi hans, og hann því útilokaður frá að gera forgangskröfu í búið, en fyrir forgangskröfum hafi þar verið nægilegt fé fyrir. — Krefst stefndur því sýknunar í málinu og að honum verði tildæmdur málskostnaður eftir reikningi. Oftgreind tékkávisun ber það með sér, að hún er útg. 16. september 1930 á hlaupareikning nr. 1755 við greindan banka og ábezt af stefndum, og í málinu liggur fyrir vottorð bankans um að aldrei hafi verið næg upphæð fyrir henni frá útgáfudegi, en þar á móti er eigi fyllilega upplýst, hvenær ávisunin hafi verið til innlausnar í bankanum, né heldur hvenær stefnandinn hafi tilkynnt þetta ávisunareigandanum, Ólafi Runólfssyni kaupmanni, né heldur hvenær hann tilkynnti það stefndum, eða það eigi sannað nægilega gegn mótmælum hans þar að lútandi, og framlagt vottorð bankans upplýsir eigi heldur hvort eða hvenær oftgreind tékkávisun hafi verið þar sýnd. — En enda þótt nú hin framlagða tékkávisun verði að teljast fyrnd, sem slik, eða fullnustukrafa samkvæmt henni, verður samkvæmt fyrir mælum 12. gr. laga nr. 38 frá 1901, og 93. gr. víxillaganna frá 1882, að álita, að sækja megi útgefanda eða framsejendur ávisunarinnar um upphæð hennar, sem um hverja aðra skuld væri að ræða, þar álita verður, að þeir hvor um sig hafi unnið fé þetta úr hendi stefnanda, og getur hann sótt þá einn fyrir alla og alla fyrir einn um upphæð ávisunarinnar, og telja verður þá skuld eigi fyrnda, en við móttöku tékkávisunarinnar til greiðslu upp í verkstjórakaup sitt, hefir forgangskrafa stefnds í umrætt þrotabúi lækkað um tilsvarendi upphæð.

Það virðist því eiga að dæma stefndan til þess að fullnægja kröfum stefnanda, samkvæmt stefnunni, þar á meðal málskostnaðarkröfu hans, en málskostnaður telst hæfilegur vera kr. 129.00, samkvæmt framlögðum reikningi stefnanda.